

Hrafn Magnússon
framkvæmdastjóri
Landssamtaka lífeyrissjóða

Ávarp flutt á landsfundi Landssambands eldri borgara þann 2. júní 2007.

“Framtíðarsýn í lífeyrismálum landsmanna”

Ágætu fulltrúar á landsfundi Landssambands eldri borgara.

Ég vil í upphafi máls míns færa ykkur öllum bestu kveðjur frá Landssamtökum lífeyrissjóða með von um að störf landsfundarins verði árangursrík og heilladrjúg fyrir samtök ykkar og eldri borgara þessa lands.

Baráttumál eldri borgara eru samvinnuð hagsmunum allra landsmanna. Það byggir á þeirri einföldu staðreynd að við erum eldri í dag en í gær. Sú staðreynd blasir við öllum landsmönnum, hvort sem okkur líkar betur eða verr. Ungt fólk í blóma lífsins á síðar eftir að feta lífsbrautina, eins og aldraðir gera og hafa gert. Þegar upp er staðið eiga því allir starfandi menn eftir að hverfa af vinnumarkaðinum og þar með úr launaðri atvinnu. Eftir starfslok byggist framfærslan á eftirlaunum frá almannatryggingingum og frá lífeyrissjóðunum og einnig á eigin sparnaði.

Gleymum því ekki að eftirlaunaárin geta verið fjórðungur af fullorðinsárunum og því er mjög mikilvægt fyrir hvern og einn að huga vel af fjárhagslegri afkomu sinni með forsjálni, ráðdeild og sparnaði, því fjárhagsleg afkoma eftirlaunaáranna ræðst ekki síður af því, hversu mikið hefur verið lagt fyrir á starfsævinni og hvernig menn vilja haga starfslokum sínum.

Hlutur lífeyrismála í fjármálum einstakingsins er oft vanmetinn, einkum í ljósi þess að réttindi í lífeyrissjóðum og annar eftirlaunasparnaður er oftast stærsti hluti eigna fólks við starfslok. Með þessum orðum mínum er ég alls ekki að gera lítið úr hlutverki almannatrygginga, síður en svo. Með eflingu lífeyrissjóðakerfisins dregur að vísu úr vægi almannatrygginga, sem hafa þó að mínu mati áfram mikilvægu hlutverki að gegna.

Almannatryggingakerfið á að vera þéttriðið öryggisnet, sem þjónar ekki eingöngu þeim sem bágast hafa kjörin, heldur þarf það einnig að vera þeim kostum búið að geta náð til alls þorra landsmanna. Ef flestir landsmenn verða með einum eða öðrum hætti þátttakendur í

almannatryggingakerfinu, sjá þeir sér hag í því að slá um það skjaldborg og standa þannig öflugan vörð um velferðarkerfið.

Hvarvetna í heiminum vekur íslenska lífeyrissjóðakerfið athygli og aðdáun og margar þjóðir sem eru að reyna að leysa lífeyrismál sín líta öfundaraugum til Íslands. Hvers vegna hefur svona vel tekist til hér á Íslandi að byggja upp gott lífeyrissjóðakerfi?

Ástæðurnar eru margar en þessar þó helstar:

Í fyrsta lagi lánaðist okkur að koma því þannig fyrir, fyrst með kjarasamningum aðila vinnumarkaðarins og síðar með löggjöf, að allir starfandi mönnum ber skylda til að eiga aðild að lífeyrissjóðum. Erlendis er þessi skylda með ýmsum hætti og algengt er að heilu starfsstéttirnar standi utan lífeyrissjóðanna og víða geta atvinnurekendur og einstaklingar komð sér undan því að vera þátttakendur í lífeyrissjóðakerfinu. Þá er algengt að launþegar þurfi að greiða iðgjöld í lífeyrissjóði í fimm til tíu ár hið minnsta, áður en einhver ellilífeyrisréttur stofnast og oft glatast lífeyrisréttindin, ef menn skipta um starf og hætta að greiða til viðkomandi sjóðs, áður en kemur að töku ellilífeyris.

Í öðru lagi býr íslenska lífeyrissjóðakerfið við sjóðsöfnun. Öndvert við sjóðsöfnun er gegnumstreymiskerfi, sem þýðir að iðgjöldin eru notuð beint til þess að greiða út lífeyri og enginn eða tiltölulega lítil sjóðsöfnun á sér stað í kerfinu. Hér á Íslandi sparar hver kynslóð fyrir sig með því að leggja til hliðar fjármuni í lífeyrissjóðina, sem síðan eru teknir út í formi ellilífeyris. Fróðlegt er að gera sér grein fyrir því, hvernig íslenska lífeyrissjóðakerfið eflist ár frá ári í samanburði við lífeyriskerfi nágrannalandanna. Styrkur lífeyriskerfa er gjarnan mældur sem hlutfall af landsframleiðslu. Hrein eign sjóðanna sem hlutfall af vergri landsframleiðslu er nánast hvernig herra í heiminum en hér á landi, en hlutfallið var 131% í lok síðasta árs. Í árslok 2005 var hlutfallið rúmlega 120% og aðeins Hollendingar stóðu okkur þá framar. Til samanburðar mælast eignir norska olíusjóðsins u.þ.b. 75% af landsframleiðslu Noregs. Þeir fjármunir sem safnast hafa í lífeyrissjóðunum eru ekki aðeins ein af undirstöðum félagslegs öryggis heldur eru þeir mikilvægt akkeri í hinni hröðu uppbyggingu íslensks efnahagslífs og fjármálamarkaðar á síðasta áratug.

Í þriðja lagi er mikil samtrygging hjá lífeyrissjóðunum. Þannig greiða lífeyrissjóðirnir ellilífeyri til æviloka, tryggja sjóðfélagann fyrir starfsorkumissi, ef hann missir starfsgetu sína vegna slyss eða veikinda og ef sjóðfélaginn fellur frá er einnig er greiddur makalífeyrir til þess að milda fjárhagslegt áfall fjölskyldunnar.

Ýmsar lýðfræðilegar ástæður eru okkur Íslendingum líka mjög hagstæðar. Aldurssamsetning þjóðarinnar er okkur í hag, því þjóðin er tiltölulega ung og yngri en þjóðirnar í kringum okkur. Það gefur okkur ákveðið svigrúm innan almannatryggingakerfisins til að bregðast við þeirri þróun að sífellt færri vinnandi menn séu að baki hverjum ellilífeyrisþega. Þá stunda Íslendingar launaða vinnu mun lengur en þekktist hjá öðrum þjóðum, sem léttir mikið á lífeyriskerfinu. Fyrirheit stjórnvalda um að launatekjur 70 ára og eldri muni ekki skerða bætur almannatrygginga eru ánægjuleg. Ekki má heldur gleyma viðbótarlífeyrissparnaðinum, sem eykst með hverju árinu sem líður. Samkomulag um samskipti lífeyrissjóðanna tryggja sjóðfélagana líka fyrir því að verða ekki fyrir réttindamissi, þó þeir skipti um starfsvettvang og fari á milli lífeyrissjóða.

Íslendingar búa við þriggja stoða lífeyriskerfi, sem Alþjóðbankinn hefur lagt til að þjóðir taki upp sem fyrirmynd að góðu lífeyriskerfi. Oft hefur verið talað um að sú ákvörðun aðila vinnumarkaðarins í kjarasamningum 1969 að setja á stofn lífeyrissjóði með almennri þátttöku launþega og fullri sjóðsöfnun, hafi verið best heppnaða efnahagsaðgerð á Íslandi á seinni hluta síðustu aldar. Það er þó okkuð til í þeirri fullyrðingu, a.m.k. telja aðrar þjóðir að fyrirmyndanna sé að leita til Íslands, þegar kemur að uppbyggingu lífeyrismála í þeirra eigin landi.

Þó vel hafi tekist til að að byggja upp gott lífeyrissjóðakerfi hér á landi er að sjálfsgöðu ekki allt slétt og fellt í þessum málum, síður en svo. Það eru því augljóslega margir sameiginlegir snertifletir til, þegar kemur að hagsmunamálum Landssamtaka lífeyrissjóða og Landssambands eldri borgara á Íslandi. Megin hlutverk Landssamtaka lífeyrissjóða er að gæta í hvívetna hagsmuna sjóðfélaga og að vera málsvari lífeyrissjóðanna í þeim málum, sem varða heildarhagsmunum þeirra og koma á framfæri sjónarmiðum samtakanna við stjórnvöld og aðra aðila í öllum meiriháttar málum sem varða geta sameiginlega hagsmunum aðildarsjóðanna. Einnig að hafa frumkvæði í almennri umræðu um málefni sjóðanna og um lífeyrismál og stuðla að jákvæðri ímynd þeirra.

Hver er framtíðarsýnin í lífeyrismálum landsmanna? Ég hef áður minnst á það hlutverk almannatrygginga að til staðar sé þéttriðið öryggisnet, sem nái til sem flestra landsmanna, því þannig verði stuðningur við kerfið almennur en ekki bundinn við þá sem lökust hafa kjörin.

Lífeyrissjóðakerfið hefur verið að byggjast upp á undanförunum árum. Megin samningarnir á almennum vinnumarkaði um stofnun og starfrækslu lífeyrissjóða voru gerðir

1969, eins og áður segir, og frá 1990 hefur verið greitt iðgjald til sjóðanna af öllu kaupi. Lífeyrisrétturinn hefur þannig aukist ár frá ári og segja má að uppbygging kerfisins sé hálfnuð. Þeir sem nú eru á lífeyri eiga misjafnan lífeyrisrétt hjá lífeyrissjóðunum, því þeir elstu eiga almennt takmarkaðan rétt og þeir yngri mun meiri. Um leið og yngri lífeyrisþegarnir fá meira frá lífeyrissjóðum fá þeir minna frá almannatryggingum. Með aukinni ávinnslu lífeyrisréttinda frá lífeyrissjóði og fráfalli þeirra sem minnstan rétt hafa, vex hlutur lífeyrissjóðanna og hlutur almannatrygginganna minnkar. Þessi þróun mun halda áfram. Árið 2040 verður hálf öld liðin frá því almennt var farið að greiða í lífeyrissjóði af öllum launum. Þeir sem þá fara á lífeyri við 67 ára aldur hafa því greitt til lífeyrissjóðs af öllum atvinnutekjum sínum alla starfsævina, fyrst sem námsmenn í sumarvinnu eða starfi með námi og síðan jafnt af atvinnu sem atvinnuleysisbótum. Þeir munu einnig flestir hafa greitt í viðbótarlífeyrissparnað þó nokkuð stóran hluta af starfsævi sinni.

Þrátt fyrir góða fjárhagslega stöðu lífeyrissjóðanna og góð fyrirheit næstu áratugina, má ekki byggja lífeyriskerfið þannig upp að hlutdeild almannatrygginga fari sífellt minnkandi. Ég tel því mjög mikilvægt að nú fari fram heildarenduskoðun á lögum um almannatryggingar og að samhliða þeirri vinnu verði fundin viðunandi lausn á því samspili sem nú er á milli greiðslna frá almannatryggingakerfinu annars vegar og frá lífeyrissjóðunum hins vegar. Engin ástæða er til að afnema tekjutengingar í almannatryggingakerfinu enda tíðkast þær víða erlendis. Hins vegar mega slíkar tengingar ekki vera það miklar að þær grafi ósjálfrátt undan tiltrú landsmanna að greiða til lífeyrissjóðanna, vegna þess að ávinningur af auknum réttindum í lífeyrissjóði er af stórum hluta tekin til baka aftur í lækkandi greiðslum almannatrygginga. Fyrirheit stjórnvalda að kannað verði hvort undanskilja megi hluta af lífeyrissjóðstekjum eldri borgara skerðingum í almannatryggingakerfinu eru góðra gjalda verð, en minna má á að sérstakt frítekjumark lífeyrissjóðatekna var áður í gildi um árabíl. Það frítekjumark tók ekki í tímans rás eðlilegum hækkunum vegna aukins lífeyrisréttar úr sjóðunum og var að lokum afnumið af þáverandi stjórnvöldum.

Vert er að geta þess að sérstök örorkunefnd á vegum Landssamtaka lífeyrissjóða lagði til nú í vor við stjórn samtakanna að hún léti framkvæma könnun á samspili bóta lífeyrissjóða og almannatrygginga. Fram kom það mat nefndarinnar að löngu væri tímabært og nauðsynlegt að taka til endurskoðunar þá miklu tekjutengingu sem nú er innbyggð í kerfið þannig að lífeyrisþegar lífeyrissjóðanna verði ekki fyrir eins miklum tekjuskerðingaráhrifum og nú viðgengst. Stjórn Landssamtaka lífeyrissjóða hefur nú samþykkt að láta framkvæma þessa könnun. Könnun þessi verður unnin í nánú samstarfi við sérfræðinga Tryggingastofnunar

ríkisins til að tryggja að niðurstöður verði í senn traustar og trúverðugar. Þessi könnun gæti líka nýst vel fyrir stjórnvöld, í samstarfi við hagsmunaaðila og lífeyrissjóðina, við frekari athugun og tillögugerð á þessu brýna hagsmunamáli eldri borgara.

Efla þarf enn frekar félagslegt og efnahagslegt öryggi hjá eldra fólki. Fjölmargir sem nú er á eftirlaunum þurfa meiri og betri fjárhagslegan stuðning frá hinu opinbera en kynslóðin sem kemur á eftir henni. Þetta byggir á þeirri staðreynd, sem ég gat um áðan, að þrátt fyrir að réttindin í lífeyrissjóðunum hafi aukist ár frá ári, þá er uppbygging kerfisins aðeins hálfnuð. Þeir sem nú eru á eftirlaunaaldri eiga því misjafnan lífeyrisrétt hjá lífeyrissjóðunum, því þeir elstu eiga almennt takmarkaðari rétt en þeir yngri. Til þess að vel takist til í þessum efnum eru Landssamtök lífeyrissjóða reiðubúin til samstarfs við Landssamband eldri borgara, aðila vinnumarkaðarins og stjórnvöld. Hugmyndir sem leggja mætti til grundvallar við heildarendurskoðun á ellilífeyriskerfi landsmanna hafa verið reifaðar á vegum Landssambands eldri borgara. Þær hugmyndir, sem byggja á eins konar þjóðarsátt um afkomu aldraðra og á sérstakri framfærslu- eða afkomutryggingu, geta verið ágætt innlegg inn í þá umræðu, sem löngu er orðin tímabær að mínu mati.

Ég vil að lokum endurtaka kveðjur frá Landssamtökum lífeyrissjóða til ykkar með von um að störf fundarins verði bæði árangursrík og heilladrjúg, ekki eingöngu fyrir eldri borgara heldur einnig fyrir alla landsmenn.